

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

- Að Gvendargeisli frá Jónsgeisla að núverandi 30 km/klst. svæði hafi leyfilegan 40 km/klst. hámarkshraða.
- Að Jónsgeisli 30 m næst Krossstorgi hafi leyfilegan 40 km/klst. hámarkshraða.
- Að Bugða milli Mánatorgs og Goðatorgs hafi leyfilegan 40 km/klst. hámarkshraða.
- Að Grænistekkur frá Stekkjarbakka að núverandi 30 km/klst. svæði hafi leyfilegan 30 km/klst. hámarkshraða.
- Að Litlahlíð hafi leyfilegan 30 km/klst. hámarkshraða.
- Að Einarsnes hafi leyfilegan 30 km/klst. hámarkshraða.
- Að Hofsvallagata hafi leyfilegan 30 km/klst. hámarkshraða.
- Að Ægisíða hafi leyfilegan 30 km/klst. hámarkshraða.
- Að Nesvegur hafi leyfilegan 30 km/klst. hámarkshraða.

Jafnframt hefur samgöngustjóri, í samræmi við 2. gr. viðauka 2.7 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra, við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 1020/2019, sbr. 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd Reykjavíkurborgar:

- Að innakstur á endastöð Strætó við Skúlagötu móts við Klapparstíg verði eingöngu heimilaður við eystri enda svæðisins.
- Að akstur vélknúinna ökutækja á endastöð Strætó við Skúlagötu móts við Klapparstíg verði óheimilaður að undanskildum akstri Strætó.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Skrifstofu stjórnýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, 26. apríl 2024.

Halla Björg Evans lögfræðingur.

B-deild – Útgáfudagur: 15. maí 2024